



MANNRÉTTINDASKRIFSTOFA ÍSLANDS  
ICELANDIC HUMAN RIGHTS CENTRE

Alþingi  
Nefndasvið  
Austurstræti 8-10  
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 20. október 2023.

**Efni: Umsögn Mannréttindaskrifstofu Íslands um frumvarp til laga um Mannréttindastofnun Íslands, þskj. 242, 239. mál.**

Mannréttindaskrifstofa Íslands (MRSÍ) fagnar því að nú skuli komið fram frumvarp um sjálfstæða innlenda mannréttindastofnun til samræmis við ályktun Sameinuðu þjóðanna nr. 48/134 um innlendar mannréttindastofnanir (National Human Rights Institutions) og Parísarreglur þeirra um stöðu og verksvið slíkra stofnana. Eins og réttilega greinir í greinargerð með frumvarpinu þá hefur Íslenska ríkið ítrekað fengið athugasemdir og tilmæli frá alþjóðlegum eftirlitsaðilum um að koma á stofn slíkrri stofnun, til dæmis í tengslum við allsherjarúttekt Sameinuðu þjóðanna á stöðu mannréttinda á Íslandi árin 2016 og 2022. Lengi hefur verið unnið að þessu markmiði og því sérstaklega ánægjulegt að hér sé komið fram frumvarp um að koma á fót sjálfstæðri innlendri mannréttindastofnun, sem í flesta staði er vel unnið og vandað.

MRSÍ sinnir í dag helstu verkefnum innlendar mannréttindastofnunar á Íslandi. Skrifstofan hefur frá upphafi komið fram fyrir Íslands hönd á vettvangi Evrópuráðsins og hjá Sameinuðu þjóðunum. Skrifstofan er fulltrúi Íslands í norrænu samstarfi og í Evrópusamtökum mannréttindastofnana (Association of Human Rights Institutions, AHRI). Skrifstofan skrifar umsagnir um lagafrumvörp, viðbótarskýrslur við skýrslur stjórnvalda til alþjóðlegra nefnda sem starfa á grundvelli mannréttindasamninga Sameinuðu þjóðanna og Evrópuráðsins, upplýsir alþjóðlegar eftirlitsstofnanir um stöðu mannréttinda á Íslandi, stendur fyrir málþingum, rannsóknum og útgáfu, gerð mannréttindafræðsluefnis og tekur þátt í opinberum nefndum og samstarfi við háskóla og frjáls félagasamtök hér á landi sem og erlendis. Þá hefur skrifstofan árlega staðið að herferðum gegn mannréttindabrotum s.s 16 daga átaki gegn kynbundu ofbeldi og Evrópuviku gegn kynþáttamisrétti, svo fátt eitt sé talið.

Allt eru þetta gríðarlega mikilvæg verkefni sem miða að því með beinum eða óbeinum hætti að stuðla að framgangi mannréttinda á Íslandi og að uppfylla alþjóðlegar skuldbindingar Íslands. Er það álit MRSÍ að ofangreindum verkefnum væri best komið hjá nýrri stofnun sem hafi skýrt hlutverk að lögum og örugga fjármögnun sem tryggi sjálfstæði hennar, starfsgrundvöll og getu til að sinna ofangreindum verkefnum sem best. MRSÍ býður fram krafta sína, reynslu, þekkingu, og tengslanet í þágu Mannréttindastofnunar Íslands enda væri það stjórnvöldum til mikils hagræðis og



MANNRÉTTINDASKRIFSTOFA ÍSLANDS  
ICELANDIC HUMAN RIGHTS CENTRE

mikilvægt að ný stofnun sé vel í stakk búin að taka við þeim verkefnum sem skrifstofan hefur sinnt, sem og öðrum verkefnum sem fela á stofnuninni verði frumvarpið að lögum.

MRSÍ vill koma eftirfarandi ábendingum við efni frumvarpsins á framfæri:

- Í 3. gr. frumvarpsins er fjallað um kjör og samsetningu stjórnar Mannréttindastofnunar Íslands. Í frumvarpinu er farin sú leið sem farin var í Noregi þegar norska mannréttindastofnunin var sett á laggirnar. MRSÍ vill vekja athygli á því að í vottunarferlinu<sup>1</sup> voru gerðar athugasemdir við að ákvæði laganna um kjör stjórnar væru ekki til þess fallin að tryggja að val á stjórnarmeðlimum færi fram með gagnsæum hætti og á grundvelli faglegra sjónarmiða. Norsku lögnum var síðar breytt í þá veru að forsætisnefnd skyldi kalla eftir tilnefningum í stjórnina og tryggja að ferlið væri opið og samráðs gætt. Leggur MRSÍ til að samsvarandi breyting verði gerð á þessu frumvarpi.
- Í 7. gr. er fjallað um upplýsingaöflun og eftirlit Mannréttindastofnunar Íslands. Segir þar að stofnunin geti ekki krafist upplýsinga sem varða öryggi ríkisins eða utanríkismál er leynt skulu fara nema með leyfi ráðherra þess sem í hlut á. MRSÍ leggur til að hér sé kveðið á um að Mannréttindastofnun geti skotið synjun ráðherra um afhendingu upplýsinga á þessum grundvelli til úrskurðarnefndar um upplýsingamál.

Að lokum áréttar MRSÍ að sjálfstæðri innlendri mannréttindastofnun skal tryggja nægt fjármagn til þess að hún geti á raunverulegan og skilvirkan hátt sinnt sínu hlutverki og verkefnum.

Virðingarfyllst,

f.h. Mannréttindaskrifstofu Íslands

Margrét Steinarsdóttir, framkvæmdastjóri

<sup>1</sup> <https://ganhri.org/wp-content/uploads/2019/11/SCA-Final-Report-March-2017-English.pdf>, kaflí 2.4.